

## Verklagsreglur um hæfi lykilstarfsmanna

Verklagsreglur þessar eru m.a. settar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 og varða hæfi lykilstarfsmanna Lífsverks lífeyrissjóðs. Lífsverk gerir ríkar kröfur til hæfis og heilinda starfsmanna lífeyrissjóðsins, jafnt sem trúverðugleika og faglegrar hæfni þeirra. Markmið þessara verklagsreglna er að viðhalda trausti sjóðsfélaga og viðskiptaaðila, efla trúverðugleika sjóðsins og draga úr hugsanlegri rekstrar- og orðsporsáhættu í rekstri lífeyrissjóðsins vegna starfa lykilstarfsmanna.

### 1. gr. Skilgreining

Lykilstarfsmaður er einstaklingur í stjórnunarstarfi, annar en framkvæmdastjóri, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu lífeyrissjóðsins.

Stjórn Lífsverks metur hvaða starfsmenn lífeyrissjóðsins teljast vera lykilstarfsmenn.

Störf sem teljast til lykilstarfa:

- Forstöðumaður eignastýringar
- Fjármálastjóri
- Ábyrgðarmaður áhættustýringar

### 2. gr. Almenn hæfisskilyrði lykilstarfsmanna

Lykilstarfsmaður Lífsverks þarf að uppfylla eftirfarandi hæfisskilyrði:

1. vera lögráða,
2. vera búsettur hér á landi,
3. má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota,
4. vera fjárhagslega sjálfstæður,
5. hafa óflekkað mannorð,
6. má ekki á síðustu tíu árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprotaskipti o.fl., eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.
7. búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt,
8. starfsferill hans skal vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.
9. má ekki taka þátt í atvinnurekstri, nema að fengnu leyfi framkvæmdastjóra. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess. Slík þátttaka í atvinnurekstri má þó ekki vera til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum eða skaða orðspor lífeyrissjóðsins.
10. má ekki gegna öðrum launuðum störfum, nema að fengnu leyfi framkvæmdastjóra. Slík störf mega þó ekki vera til þess fallin að valda hagsmunaárekstrum eða skaða orðspor lífeyrissjóðsins.

Lykilstarfsmaður má ekki taka þátt í meðferð máls, eða undirbúningi eða úrlausn þess, ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans eða félag í einkaeigu þar sem hann á hagsmuna að gæta.

Ef lykilstarfsmaður sinnir eignastýringu verðbréfasafna fyrir Lífsverk skal hann vera hæfur til þess á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu og skal hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum.

### 3. gr. Framkvæmd hæfismats

Framkvæmdastjóri sér um ráðningu lykilstarfsmanna og ber að taka mið af almennum hæfisskilyrðum lykilstarfsmanna við ráðningu sbr. 2.gr. Við ráðningu skal hafa hliðsjón af hugsanlegri rekstrarogorðsporsáhættu lífeyrissjóðsins vegna starfa viðkomandi lykilstarfsmanns. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að kalla eftir gögnum sem hann telur nauðsynleg til að meta hæfi starfsmanns s.s. sakavottorð, skattframtöl, veðbókarvottorð o.s.frv. Gæta skal öryggis og trúnaðar við varðveislu slíkra gagna og skal þeim eytt að skoðun lokinni.

Lykilstarfsmaður skal kynna sér og hafa góða þekkingu á þeim lögum, reglugerðum og reglum sem um starfsemi lífeyrissjóða gilda, sérlögum sem gilda um starfssvið hans og þeim reglum sem sjóðurinn setur sér og varða störf lykilstarfsmanns. Sjóðurinn skal sjá til þess ef þörf krefur að starfsmenn hafi tækifæri til að kynna sér ofangreint efni með því að sækja sér fræðslu eða með kynningu á vegum sjóðsins.

Framkvæmdastjóri metur starfsárangur og hæfi lykilstarfsmanna í starfi og skal hann a.m.k. einu sinni á ári taka starfsmannaviðtal við lykilstarfsmenn í þessu skyni. Mat á hæfni og starfsárangri fer auk þess jafnaðarlega fram í daglegri starfsemi sjóðsins og er hluti af stjórnenedaefirliti framkvæmdastjóra.

### 4. gr. Upplýsinga- og tilkynningarskylda lykilstarfsmanns

Lykilstarfsmanni ber að gefa réttar upplýsingar um þau atriði sem mikilvæg geta talist við að kanna hæfi hans og hæfni í starfinu.

Lykilstarfsmaður skal upplýsa framkvæmdastjóra, að eigin frumkvæði, um hverjar þær breytingar sem verða á högum hans, sem kynnu að leiða til endurskoðunar á hæfi hans s.s. fjárhagserfiðleika hans eða félags sem hann á verulegan hlut í. Lykilstarfsmanni er jafnframt skylt að tilkynna framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins ef sú staða kemur upp að hann fái réttarstöðu grunaðs manns í sakamáli. Fáir lykilstarfsmaður slíka stöðu skal framkvæmdastjóri meta, í samráði við stjórnarformann, hvort viðkomandi lykilstarfsmaður eigi að víkja tímabundið úr stöðu sinni á meðan rannsókn stendur yfir. Ef niðurstaðan er að víkja lykilstarfsmanni tímabundið úr starfi þá ber framkvæmdastjóra að upplýsa stjórn um þá ákvörðun.

### 5. gr. Upplýsingar um lykilstarfsmenn

Lífswerk heldur skrá yfir lykilstarfsmenn sína, þar sem fram kemur hverjir teljist til lykilstarfsmanna lífeyrissjóðsins og hvaða stöðu þeir gegna.

### 6. gr. Þagnarskylda

Lykilstarfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum, eðli máls eða reglum sjóðsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

### 7. gr. Viðurlög

Gefi lykilstarfsmaður rangar eða villandi upplýsingar, í tengslum við þau atriði sem tilgreind eru í verklagsreglum þessum, getur það varðað áminningu eða uppsögn.

### 8. gr. Birting

Verklagsreglur þessar skal birta á heimasíðu lífeyrissjóðsins.

Samþykkt á stjórnarfundi 18. janúar 2018